

Mál nr. 158/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu tjóns af völdum leka frá heitavatnsinntaki sem gaf sig.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 1.6.2021, ásamt fylgigögnum.
3. Síðari athugasemdir M, dags. 7.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 10. nóvember 2020 gáfu lagnir í heitavatnsinntaki í bílskúr í húseign M að A í B með þeim afleiðingum að tjón varð á innbúsmunum í bílskúrnum. Hitaveita í B mun vera í eigu og rekin af B. M kveður að í júní eða júlí 2020 hafi þurft að lagfæra heitavatnsinntak í næsta nágrenni við A og til hafi staðið þá um sumarið að skipta um inntaugar í A og tvö önnur hús sem tilheyra sömu raðhúsallengju. Viðgerð hafi dregist á langinn og að endingu hafi ekki verið farið í endurnýjun á lögnunum þar sem Hitaveita B hafi ekki treyst sér í verkið vegna sumarleyfa starfsmanna og ekki væri unnt að sjá af mannskap í verkið.

M fékk hluta tjóns síns bætt hjá sínu vátryggingafélagi en það sem óbætt er hefur hann krafist að fá bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V kveður starfsmenn Hitaveitunnar ekki hafa vitað að hitaveitunntak í A gæti gefið sig á þessum tímapunkti og aldrei hafi verið haft samband við Hitaveituna vegna inntaksins sem hafi verið staðsett í bílskúr í B, svo sem vegna þess að það væri farið að ryðga og að skipta þyrfti því út. Einnig sé bent á að í öðrum tilvikum þar sem lagnir hafi farið í sundur hafi það verið utandyra en ekki inni í bílskúr eins og í tilviki M.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn sem renna stoðum undir þá staðhæfingu M að sumarið 2020 hafi staðið til að skipta um inntaugar í B og önnur hús í sömu raðhúsallengju þar sem þær væru orðnar lélegar og jafnvel ónýtar. Ekki liggja heldur fyrir nein gögn sem staðreyna að starfsmenn Hitaveitu B hafi vitað eða mátt vita að heitavatnsinntakið í B hafi verið í slíku ástandi að þeim hafi borið að endurnýja lagnir í inntakinu áður en þær gáfu sig 10. nóvember 2020. Eins og mál þetta liggur fyrir verður gegn mótmælum V að telja ósannað að tjón M verði rakið til vanrækslu starfsmanna Hitaveitu B eða annarra atvika sem Hitaveitan getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.